



Stúdentaráð Háskóla Íslands

S A M A N T E K T

Á NIÐURSTÖÐUM KÖNNUNAR SHÍ UM STÖÐU FORELDRA Í NÁMI

Könnun Stúdentaráðs um stöðu foreldra í námi var send út á alla nemendur Háskóla Íslands þann 19. apríl 2022. Ekki var hægt að beina henni að afmörkuðum markhóp þar sem engin gögn eru til um það hjá nemendaskrá HÍ hvaða stúdentar eru foreldrar. Fjölskyldunefnd Stúdentaráðs átti frumkvæði að könnuninni og starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs 2021-2022 aðstoðaði við framkvæmd hennar. Nefndin heldur úti eigin samfélagsmiðlum þar sem könnunin var auglýst, auk þess sem að nefndin er með lokaðan Facebook-hóp fyrir foreldra í námi þar sem leitast var eftir svörum. Stúdentaráð sendi út fjöldapóst á nemendur og hvatti til þátttöku ásamt því að deila könnuninni á sínum samfélagsmiðlum og heimasíðu Stúdentaráðs.

Könnunin stóð opin til og með 28. apríl 2022 og barst 201 svar. Spurningarnar voru 57 talsins og spurt var um persónuhagi, fjárhagsstöðu og kennslumál, bæði á íslensku og ensku. Markmiðið var að kanna stöðu foreldra í námi, einkum í samhengi við Covid-19 og draga fram sjónarmið þessa hóps.

Niðurstöðurnar sýna að foreldrum í námi reynist erfitt að sinna fjölskyldulífi og námi til jafns. Meirihluta foreldra í námi þykir fæðingarstyrkur námsmanna ekki sinna hlutverki sínu, foreldrar reyna jafnvel að komast hjá því að þiggja hann og í þeim tilfellum sem þau hafa nýtt sér hann er hann ekki nægur. Svarendur töldu barnastyrk Menntasjóðs námsmanna einnig ófullnægjandi. Þá sýndu niðurstöður könnunarinnar einnig að aukin viðvera barna á heimilinu vegna Covid-lokana og manneklu á skólum og leikskólum hafi haft neikvæð áhrif á námsárangur.

Stærsti hluti svarenda voru konur á aldrinum 25-34 ára og meirihluti svarenda eru í sambúð/hjónabandi. Stærstur hluti svarenda á barn/börn á leikskólaaldri.


Lykilniðurstöður:

- **41.7%** hafa þegið fæðingarstyrk námsmanna og af þeim segja **95%** greiðslurnar **ekki nægar**.
- **38.8%** eru í fullu námi og vinnu samhliða.
- **62.7%** eiga maka á vinnumarkaði og **10%** eiga maka í fullu námi og vinnu samhliða.
- **28.9%** sögðu að frekar erfitt eða mjög erfitt sé fyrir sig og fjölskyldu sína að ná endum saman.
- **50.8%** hafa tekið námslán og **65.7%** segja barnastyrk Menntasjóðs ekki nægan.


- **47.3%** segja aukna viðveru barns á heimilinu vegna Covid hafa haft mjög neikvæð áhrif á skólasókn og nám sitt.
- **88.1%** upplifa árekstra milli fjölskyldulífs og náms.

95% segja greiðslurnar ekki duga

Í könnun Stúdentaráðs var kafli spurninga um Menntasjóð námsmanna, barnastyrk sjóðsins og fæðingarstyrk námsmanna. Í lok þess hluta könnunarinnar gafst tækifæri til að koma með aðrar athugasemdir um fæðingarstyrk námsmanna og bárust 39 slíkar, flestar ítarlegar. Helstu sjónarmið sem komu þar fram voru hversu lágur styrkurinn er, hann endurspeglir ekki grunnlaun og erfitt sé að mega ekki dreifa greiðslunum yfir lengra tímabil en nú er heimilt að gera.



41.7% hafa þegið fæðingarstyrk námsmanna



Af þeim segja **95%** greiðslurnar ekki nægar


Þá sneru mörg svör að því hversu strangar kröfur séu gerðar til stúdenta til þess að eiga rétt á styrknum, svo dæmi sé tekið þurfa stúdentar sem eiga von á barni í lok desember að ná öllum prófum í byrjun desember til að eiga rétt á fæðingarstyrk námsmanna. Stúdent sem hefur klárað eina haustönn í háskólanámi, á von á barni í mars og sér því ekki fram á að geta klárað vorönn, á að sama skapi ekki rétt á fæðingarstyrk námsmanna. Svör voru á þá leið að stúdentar reyndu frekar að vinna meira til þess að „þurfa ekki að fá styrkinn“, og fá heldur fæðingarorlofsgreiðslur, þar sem ekki er hægt að fá bæði fæðingarorlofsgreiðslur og fæðingarstyrk námsmanna.

Erfitt að finna jafnvægi milli náms og fjölskyldulífs

Í **85,3%** tilvika hafa börn stúdenta þurft að vera mikið heima fyrir í stað þess að vera á skóla/leikskóla og **49,5%** segjast hafa þurft að vera heima með barni sínu vegna þess. **47,3%** svara því að aukin viðvera barns á heimili hafi haft mjög neikvæð áhrif á skólasókn og nám þeirra.

Spurt var um upplifun af því að hvernig háskólinn hafi komið til móts við stúdentar sem eiga börn og eru í námi á Covid tímum. Svörin við spurningunni voru skrifleg og bárust 188 svör. Þau voru mjög misjöfn, flest þó með neikvæðum blæ en þar kom helst í ljós hversu mikið á valdi kennara það er að veita einhverskonar svigrúm í náminu, hvort sem það var aukinn skilafrestur, lengri próftími eða upptökur og streymi námskeiða. Því var í mörgum tilfellum aukin óvissa og ófyrirsjáanleiki, þar sem sveigjanleiki í námi fór oft alfarið eftir kennara.


Sumar námsleiðir gerðu strangar kröfur um mætingu, bæði á staðinn þegar það var hægt en einnig voru dæmi um skyldumætingu í streymi, og enginn frekari sveigjanleiki gefinn vegna veikinda, veikinda barna eða sóttkvíar/einangrunar með börn. Flestum þótti þó rafrænir kennsluhættir henta sér vel og flestir svarendur voru á þeirri skoðun að upptökur af tímum hentuðu betur en streymi þar sem þá væri hægt að horfa á þær þegar tími gæfist til, þar sem erfitt gæti reynst að fylgjast með streymi úr tímum með börn á heimilinu.




88.1% höfðu upplifað árekstra milli fjölskyldulífs og náms

88.1% höfðu upplifað árekstra milli fjölskyldulífs og náms. Skrifleg svör í tengslum við þá spurningu þar sem beðið var um nánari útskýringar á þeim árekstrum sneru einna helst

að því hversu erfitt það var á tímum Covid að þurfa að stunda námið að fullu heima fyrir, oft með börn heima, og mætingarskyldu námskeiða, þá sérstaklega eftir klukkan 16:00 á daginn. Skólinn tók því oft yfir heima og erfitt gat reynst að aðgreina skóla og einkalíf við svona mikið fjarnám/rafræna kennsluhætti samkvæmt svörunum. Þá voru hópverkefni einnig nefnd tiltölulega oft, en erfitt reynist fyrir foreldra að sinna slíkum verkefnum á kvöldin. Það sem kom einna helst í veg fyrir árekstra milli fjölskyldulífs og náms var skipulag og sveigjanleiki rafrænna kennsluhátta og kennara, en **48,8%** svöruðu því játandi þegar spurt var hvort háskólinn eða kennarar komi til móts við þau vegna aðstæðna þeirra sem foreldri í námi.



32,8% upplifðu hvorki jákvætt né neikvætt viðhorf til sín frá HÍ, kennurum og öðru starfsfólki innan Háskólans, sem foreldri í námi, 29,9% segja viðhorfið almennt jákvætt og 25,4% segja það almennt mjög jákvætt.



Þá upplifa **35,8%** almennt jákvætt viðhorf til sín frá samnemendum sem foreldri í námi, 32,3% upplifa almennt mjög jákvætt viðhorf og 23,9% upplifa hvorki jákvætt né neikvætt viðhorf til sín frá samnemendum sem foreldri í námi.